# Nemastofa atvinnulífsins






# Breytt skipulag á vinnustaðanámi

- Þann 1. ágúst 2021 tók gildi ný reglugerð um vinnustaðanám.
- Framhaldsskólar hafa frá þeim tíma umsjón með nemendum í vinnustaðanámi, sjá um gerð og staðfestingu námssamninga og hafa eftirlit með þeim.
- Fyrirtæki sem bjóða eða vilja bjóða vinnustaðanám og uppfylla skilyrði reglugerðar um vinnustaðanám þurfa að sækja um skráningu hjá Menntamálastofun.
- Þar þarf að tilgreina iðngrein, iðnmeistara, sveina sem annast kennslu á vinnustað og eins tilgreina fjölda nema sem fyrirtækið getur boðið vinnustanám.

Nemastofa atvinnulífsins

# Breytt skipulag á vinnustaðanámi

- Listi yfir fyrirtæki sem uppfylla skilyrði til að taka nema er auglýstur á vef Menntamálastofnunar – á birtingaskrá.
- *Rafræn ferilsbók* fylgir nemanum og er rafræn skráning um framvindu náms á vinnustað. Þar er hæfni nemanda staðfest af iðnmeistara eða tilsjónarmanni fyrirtækisins.
- Listi yfir rafrænar ferilsbækur eru á heimsíðu Menntamálastofnunar.

Nemastofa atvinnulífsins

# Tilgangur og markmið Nemastofu

Tilgangur Nemastofu atvinnulífsins er að vera samstarfsvettvangur atvinnulífsins um bætt vinnustaðanám og fjölgun faglærðs starfsfólks í atvinnulífi.

Stjórnvöld og framhaldsskólar geta því í fyrsta sinn nálgast atvinnulífið á einum stað þegar kemur að málefnum vinnustaðanáms iðngreina og þróun þess.

**Markmið Nemastofu atvinnulífsins er m.a. að:**

- ✓ Fjölga fyrirtækjum og iðnmeisturum sem taka nema á vinnustaðanámssamning.
- ✓ Aðstoða fyrirtæki og iðnmeistara við að halda uppi gæðum vinnustaðanáms og markvissri kennslu og þjálfun iðnnema á vinnustað.
- ✓ Halda úti öflugri kynningu á iðn- og starfsnámi.
- ✓ Hugmyndir um fjölmörg önnur verkefni Nemastofu hafa einnig verið rædd.

# Stjórn Nemastofu atvinnulífsins og skipulag

Stjórnir IÐUNNAR og RAFMENNTAR tilnefna í stjórn Nemastofu atvinnu-lífsins. Fjórir einstaklingar skipa stjórn, tveir aðalmenn frá hvoru félagi um sig og aðrir tveir til vara.

Í jafnri eigu IÐUNNAR og RAFMENNTAR

Óhagnaðardrifið, ekki í atvinnurekstri

Nemastofa atvinnulífsins

# Verkefni félagsins

1. Hvetja og aðstoða fyrirtæki að skrá sig á birtingalista fyrirtækja með nemaleyfi í iðngreinum
2. Hafa yfirsýn yfir fjölda nema í vinnustaðanámi og áætla þörf á nemaplássum í iðngreinum
3. Kynna iðn- og starfsnám og fjölbreytt störf í iðnaði.
4. Vera samstarfsvettvangur umræðu um verkefni og viðfangsefni þjálfunar á vinnustað þ.m.t. inntak rafrænna ferilbóka.
5. Standa fyrir viðburðum og ráðstefnum um vinnustaðanám og veita verðlaun til fyrirmyndarfyrirtækja sem að taka nema.
6. Bjóða þjálfun og fræðslu til tilsjónarmanna og iðnmeistara sem taka á móti nemum. Efla færni í þjálfun nema á vinnustað og notkun rafrænna ferilbóka.
7. Sinna verkefnum sem mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntamálastofnun og/eða framhaldsskólar eftir atvikum fela Nemastofu samkvæmt samningi þar um.

Nemastofa atvinnulífsins

# Fjölgum faglærðum á vinnumarkaði

- Talið vanta ríflega 2000 iðnaðarmenn til starfa hér á landi (Samtök iðnaðarins)
- Vantar faglærða í bygginga- og mannvirkjagreinum, í ferðaþjónustu.... svo dæmi séu tekin
- Um 700 nemar komust ekki á iðnnámsbrautir framhaldsskólanna árið 2021. Gætu orðið enn fleiri á þessu ári.
- Víða er mikil áskorun að komast í vinnustaðanám – misjafnt eftir greinum og landshlutum.
- Nemar sem ljúka grunnskóla í vor hafa forgang á námsbrautir framhaldsskólans en meðalaldur þeirra sem sækja um iðnnám töluvert hærri.

Nemastofa atvinnulífsins

# Fjölgum faglærðum á vinnumarkaði

- Menntastefna í iðn- og starfsmenntamálum þarf að vera sveigjanleg og í takt við þarfir í atvinnulífi um fjölgun faglærðra á vinnumarkaði
- Markmið um fjölgun faglærðra á vinnumarkaði næst ekki nema með öflugri aðkomu fyrirtækja í þjálfun nema á vinnustað.
- Mikilvægt að fyrirtækin taki með öflugum hætti þátt í eflingu iðn- og starfsnáms með því að bjóða nemum vinnustaðanám.
- Ungt fólk hefur áhuga að komast í iðnnám
- Markviss samvinna  iðnfyrirtækja og framhaldsskóla mun skapa aukin tækifæri til að fjölga iðnlærðum í atvinnulífinu

Nemastofa atvinnulífsins

# Fjölgum faglærðum á vinnumarkaði

- Nemastofa atvinnulífsins opnuð formlega þann 5. apríl
- Netfang www.nemastofa.is



Nemastofa
atvinnulífsins

# Nemastofa
atvinnulífsins




ofa
lífsins